

Uppsetning og notkun á Avenza til skráningar á skógræktarframkvæmdum



Ný uppfærsla Avenza er órlítið frábrugðin eldri útgáfu.



(Nýja lógóið)


Opnið „Play Store“ í Android-símum eða „App store“ í Apple-símum, sækið forritið og setjið upp.

Ef forritið er þegar uppsett í símanum er best að samþykkja boð um uppfærslu ef slíkt boð kemur við ræsingu forritsins.

Leiðbeiningar fyrir Apple-síma eru á bls. 5.


1. skref

Sækið kort af jörðinni ykkar. Opnið póstinn frá skógræktar-ráðgjafanum og hlaðið niður kortinu.




2. skref

Sækið kort af jörðinni ykkar. Opnið Avenza-forritið. Veljið „My Maps“ neðst í vinstra horni. Smellið svo á appelsínugula plúsinn neðst til hægri.




3. skref

Smellið á „Download or import a map“ neðst



4. skref

Veljið „Cloud storage or device“.




Útlínuskráning gróðursetninga



Android-stýrikerfið


5. skref

Veljið viðeigandi skjal. Það ætti að hafa lýsandi heiti fyrir jörðina ykkar og er á pdf-formi.




6. skref

Svona lítur kortið út komið í símann ykkar. Til að hefja útlínuskráningu þarf að draga upp ljósgráa, næstum ósýnilegu slána neðarlega á skjánum.




7. skref

Þá ættuð þið að fá upp þessa mynd. Veljið „Tracking“ til að hefja útlínuskráningu ...




8. skref

...og síðan „Start tracking“ og leggið af stað í göngu. Fylgist með að lína myndist á skjánum, svo öruggt sé að þið séuð að taka upp útlínurnar.



9. skref

Svo er smeltt á „Stop“. Þá er útlínuskráningu lokið og næsta skref að senda skráninguna til skógræktarráðgjafa.



Útlínuskrá ~ skráning upplýsinga



Android-stýrikerfið

10. skref

Skrá upplýsingar við útlínuskrá.

Ef kortið fyllir alveg út í skjáinn (engin valslá) er nóg að ýta með fingrinum á skjáinn og þá á hún að birtast.

Veljið síðan „Þrjár blaðsíður í stafla“ neðst.




11. skref

Þá kemur upp mynd af þeim útlínuskrám (layers) sem skráðar hafa verið. Veljið rétta skrá og smellið á heiti hennar.



12. skref

Þá kemur upp þessi valmynd. Þar þarf að breyta heiti skrár og skrá upplýsingar í „Description“ svo sem tegund, bakkastærð, fjölda bakka og kvæmi. Smellið síðan á örina til baka. Nú er skráin tilbúin til sendingar.



13. skref

Smellið á kassann með örinni upp, efst í hægri horninu



Skil á útlínuskráningu í Avenza




14. skref

Breyta formi útlínuskráningarinnar:

Yfirleitt er sjálfgefið „KML“, en skila þarf útlínunum sem „GPX“.

KML er breytt í GPX með því að smella á „Format“ og velja svo GPX.


Svo þarf að smella á appelsínugula hringinn neðst í hægra horninu.



15. skref

Einfaldast er að velja pósthforritið í símanum og senda beint til skógræktarráðgjafa.

Ekki er hægt að senda með SMS.



Uppsetning og notkun á Avenza til skráningar á skógræktarframkvæmdum



Ný uppfærsla Avenza er örlítið frábrugðin eldri útgáfu.



AVENZA
MAPS®


(Nýja lógóið)

Opnið „App store“ í Apple-símunum (iPhone), sækið forritið og setjið upp.

Ef forritið er þegar uppsett í símanum er best að samþykkja boð um uppfærslu ef tilkynning kemur um það þegar forritið er opnað.

1. skref


Sækið kort af jörðinni ykkar. Opnið póstinn frá skógræktar-ráðgjafanum og opnið viðhengið (kortið).



Opna kortið sem er á pdf-formi

2. skref


Sendið kortið yfir í Avenza Maps forritið.



Sendi kortið í Avenza-forritið

3. skref

Kortið flyst yfir í Avenza-forritið. Þar smellir þú á kortið og opnar það.



Opna kortið í Avenza-forritinu



Útlínuskráning gróðursetninga

IOS-stýrikerfið (iPhone)

4. skref

Farið út á gróðursetningarsvæðið og opnið kortið í Avenza þar.



5. skref


Svona lítur kortið út komið í símann ykkar. Til að hefja útlínuskráningu þarf að:

- A) Draga upp ljósgráu, næstum ósýnilegu slána neðst í forritinu


EDA

- B) Ýta á reglustikuna og blýantinn

A)




B)




6. skref

Þá ættuð þið að fá upp þessa mynd. Til að hefja útlínuskráningu, veljið „Tracking“...



7. skref

... og síðan „Start Tracking“ og leggið af stað í göngu. Fylgist með að lína myndist á skjánum, svo öruggt sé að þið séuð að taka upp útlínurnar.



8. skref


Þegar smellt er á „Stop“ er útlínuskráningu lokið.

Útlínuskráning gróðursetninga

IOS-stýrikerfið (iPhone)

9. skref


Setjið inn upplýsingar um gróðursetninguna með því að velja reitinn og smella á upplýsingagluggann sem kemur upp.



10. skref

Setjið inn heiti sem einkennir reitinn sem plantað var í.

Skráðið upplýsingar í „Description“ svo sem tegund, bakkastærð, fjölda bakka og kvæmi. Smellið síðan á örina „til baka“ (Back). Nú er skráin tilbúin til sendingar.



Útlínuskrá ~ skráning upplýsinga og skil

IOS-stýrikerfið (iPhone)


11. skref

Veljið síðan „Þrjár blaðsíður í stafla“ neðst.




12. skref

Þá kemur upp mynd af þeim útlínuskrám (layers) sem skráðar hafa verið.




13. skref

Veljið „kassa með ör út“.



14. skref


Veljið „Export to Others“.



15. skref

Passið að skráargerðin (format) sem þið sendið sé GPX. Munið að haka við „All features“ en ekki „Custom“.

Veljið svo „Export“.




Skil á útlínuskráningu í Avenza



IOS-stýrikerfið (iPhone)

16. skref

Veljið appið sem þið notið sem pósthforrit í símanum.



17. skref

Þá ættu skrárnar að vera komnar í tölvupóstinn svo þið getið sent hann skógræktarráðgjafa ykkar.

